

2330. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 9. apríl 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Börkur Edvardsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Sveinn Gíslason

Á Teams:

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Pálmi Haraldsson
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Forföll:

Engin

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smárason samskiptastjóri sem ritaði fundargerð

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2329). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF.
 - a. Lagðar fram fundargerðir mótanefndar frá 19. mars og 3. apríl, og fundargerð fjárhagsnefndar frá 26. mars.
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson flutti fréttir af vettvangi ÍTF. Keppni í Bestu deild karla er byrjuð og almenn ánægja með hvernig hún hefur farið af stað. Kynningarstarf og áherslur ýmsar hafa gengið vel, m.a. með breyttri nálgun í markaðsmálum og auglýsingagerð. Mæting á fyrstu leiki hefur verið góð og mikil bjartsýni við upphaf mótsins. Þá kom Heimir aðeins inn á framkvæmdir á ýmsum völlum félaga, sem vonandi ganga vel svo allir vellir verði klárir á tilsettum tíma. Loks nefndi hann að innan ÍTF væri verið að ræða ýmis mál, samningamál, réttindamál og fleira. Besta deild kvenna er að fara af stað, markaðsstarfið og auglýsingar í fullum gangi og mikil eftirvænting eftir upphafi mótsins.
3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu.
 - a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri KSÍ fór yfir ýmis atriði í starfi og skipulagi skrifstofunnar, stöðu verkefna sem eru í gangi og ýmislegt sem er í deigluinni – m.a. aðstöðumál skrifstofu og ýmsa viðburði og verkefni sem eru framundan. Stjórnarmenn ræddu um ýmislegt í tengslum við yfirferð Eysteins, t.d. fræðslu og forvarnir til leikmanna varðandi veðmál, og mögulegar skuldbindingar félaganna og fulltrúa þeirra í þessu sambandi, jafnvel tengingu við leyfiskerfi KSÍ.
4. Skipan í nefndir og starfshópa.
 - a. *Stjórn KSÍ samþykkti eftirtalda skipan í nefndir KSÍ.*

Fræðslunefnd (Fastanefnd)

Arnar Bill Gunnarsson	Starfsmaður
Dagur Sveinn Dagbjartsson	Starfsmaður
Guðrún Jóna Kristjánsdóttir	
Gunnar Már Guðmundsson	
Kristrún Lilja Daðadóttir	
Sigríður Baxter Þorláksdóttir	
Tinna Hrund Hlynisdóttir	Formaður
Þórður Einarsson	
Örn Ólafsson	

Grasrótarnefnd (Fastanefnd)

Dagur Sveinn Dagbjartsson	Starfsmaður
Guðmundur Bj. Hafþórsson	
Petra Lind Einarsdóttir	
Rúnar Már Sverrisson	
Sóley Guðmundsdóttir	Starfsmaður
Tinna Hrund Hlynisdóttir	
Trausti Hjaltason	Formaður
Tryggvi Gunnarsson	
Þorsteinn Haukur Harðarson	

Heilbrigðisnefnd (Fastanefnd)

Ásta Árnadóttir	
Haukur Björnsson	
Jörundur Áki Sveinsson	Starfsmaður
Reynir Björn Björnsson	Formaður
Rúnar Pálmarsson	
Sigrún Árnadóttir	

Knattspyrnu- og þróunarnefnd (Fastanefnd)

Arnar Bill Gunnarsson	Starfsmaður
Ásgerður S. Baldursdóttir	
Ásthildur Helgadóttir	
Daði Rafnsson	
Davíð Snorri Jónasson	
Fulltrúi ÍTF (Í vinnslu)	
Jörundur Áki Sveinsson	Starfsmaður
Margrét Lára Viðarsdóttir	
Pálmi Haraldsson	Formaður

Laga- og leikreglnanefnd (Fastanefnd)

Gísli Gíslason	Formaður
Axel Kári Vignisson	Starfsmaður
Kolbrún Arnardóttir	
Lee Ann Maginnis	
Margrét Hafsteinsdóttir	
Sveinn Gíslason	

Málskotsnefnd KSÍ

Birgir Jónasson	Formaður
Gísli Hlynur Jóhannsson	
Íris Björk Eysteinsdóttir	
Magnús Þórisson	Til vara
Ragnhildur Skúladóttir	Til vara
Victor Ingi Olsen	Til vara

Markaðsnefnd (Fastanefnd)

Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir	
Hörður Ágústsson	
Ingveldur María Hjartardóttir	
Kristján Ingi Gunnarsson	
Sigrún María Jörundsdóttir	
Stefán Sveinn Gunnarsson	Starfsmaður
Tinna Hrund Hlynisdóttir	
Börkur Edvardsson	Formaður

Mannvirkjanefnd (Fastanefnd)

Ásthildur Helgadóttir	
Birkir Sveinsson	Starfsmaður
Bjarni Þór Hannesson	
Eyrún Linnét	
Fannar Helgi Rúnarsson	Starfsmaður
Inga Rut Hjaltadóttir	
Jón Sigurður Pétursson	Formaður
Viggó Magnússon	
Þorkell Máni Pétursson	

- b. Stjórn KSÍ samþykkti að skipa eftirtalda í starfshóp um hlé á miðju keppnistímabili í samræmi við samþykkt á ársþingi KSÍ 2025.
 - i. Sif Atladóttir, Guðbjörg Torfadóttir, Þorkell Máni Pétursson, Birkir Sveinsson, Eggert Herbertsson, Pála Þórisdóttir, Lára Hafliðadóttir.
- c. Stjórn KSÍ samþykkti eftirtalda í nefndir á vegum UEFA 2025-2026:

- i. Helga Helgadóttir varaformaður KSÍ í nefnd UEFA um kvennaknattspyrnu (UEFA Women's Football Committee).
 - ii. Börkur Edvardsson stjórnarmaður KSÍ í ráðgefandi nefnd UEFA um markaðsmál (UEFA Marketing Advisory Committee).
 - iii. Klara Bjartmarz fyrrverandi framkvæmdastjóri KSÍ í nefnd UEFA um sjálfbærni og samfélagsleg verkefni (UEFA Social and Environmental Sustainability Committee).
 - iv. Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ í nefnd UEFA um mót A og U21 landsliða karla (UEFA National Teams Competitions Committee).
- d. Rætt almennt um hlutverk, samsetningu og skipan í nefndir KSÍ. Þá fjallaði Eysteinn Pétur almennt um ýmsa starfshópa sem eru starfandi á vegum KSÍ.

5. Móta- og dómaramál

- a. Helga Helgadóttir fór yfir ýmis mótamál. Meistarakeppni kvenna verður leikin föstudaginn 11. apríl á Kópavogsvelli þar sem mætast Breiðablik og Valur og keppni í Lengjubikarnum er að klárast. Vallarmál eru jafnan ofarlega á baugi á þessum tíma ársins og Helga fór m.a. yfir stöðu mála hjá ÍBV, Þór og Grindavík. Þess utan hefur mótanefndin rætt ýmis framtíðarstef og málefni tengd mótahaldi, m.a. mat á því hvernig breytingar á mótum hafi gengið. Stjórnarmenn ræddu ýmis mótamál almennt, m.a. Lengjubikarinn og Reykjavíkurmótið og tímalínu þeirra móta og Íslandsmótsins og bikarkeppninnar innan knattspyrnuársins.
- b. Halldór Breiðfjörð fór stuttlega yfir dómaramál. Mótin hafa heilt yfir farið vel af stað. Nýir þjálfarar dómara eru teknir til starfa og almenn ánægja með þann mikla metnað sem þar er sýndur. Nýverið voru haldnar tvær ráðstefnur, annars vegar fyrir dómara og hins vegar fyrir eftirlitsmenn, og þá hafa einnig verið haldnir fundir með félögum um breytingar á knattspyrnulögunum og áhersluatriði dómaranefndar. Mótin fara vel af stað, margir nýir dómarar og yngri dómarar sem hafa staðið sig vel, og dómarahópurinn hlakkar til framhaldsins. Halldór greindi einnig frá því að nú á dögum hafi verið opnuð Instagram síða fyrir dómara hjá KSÍ. Þar munu birtast niðurröðun úr Bestu deild kvenna og karla ásamt ýmsu áhugaverðu efni sem tengist dómgæslu, eins og erlend verkefni hjá dómurum, fréttir af dómaranámskeiðum, greiningar á atvikum o.s.frv.

6. Landsliðsmál - Málefni landsliða og næstu verkefni.

- a. Þorvaldur Örlygsson fór stuttlega yfir síðustu verkefni landsliða og kynnti samantekt frá knattspyrnusviði. A landslið karla þurfti að leika umspilsleik (heimaleik) í Murcia á Spáni og A landslið kvenna lék tvo leiki í Þjóðadeildinni á Þróttarvelli. Allt skipulag leikjanna gekk heilt yfir vel og vallaryfirvöld í Murcia og Þróttarar í Reykjavík eiga þakkar skildar fyrir gott starf og jákvætt viðmót. Fram kom í máli formanns að þrátt fyrir að framkvæmd leikjanna hafi gengið vel þá varpi þessi raunveruleiki verulega skörpu ljósi á stöðuna sem landsliðin okkar eru í varðandi vallarmál, enda aldrei að vita hver úrslit leikjanna hefðu orðið ef landsliðin hefðu getað leikið heimaleiki sína einmitt á Þjóðarleikvanginum, Laugardalsvelli í Reykjavík.

7. Laugardalsvöllur - Staða mála og næstu skref.

- a. Eysteinn framkvæmdastjóri kynnti skýrslu um stöðu mála varðandi framkvæmdir á Laugardalsvelli. Sem fyrr er tímalína verkefnisins á áætlun og vonir standa enn til að fyrsti leikurinn á nýjum leikfleti verði viðureign A landsliðs kvenna við Frakkland í byrjun júní. Framkvæmdir eru í fullum gangi og á næstu vikum verður hægt að sjá miklar breytingar á svæðinu. Rætt um samning Reykjavíkurborgar og KSÍ um rekstur

Laugardalsvallar og þörfina á að endurskoða þann samning og uppfæra miðað við þær kröfur sem gerðar eru til knattspyrnuleikvanga og þeirra viðburða sem þar fara fram.

8. Önnur mál

- a. Börkur Edvardsson stjórnarmaður kynnti erindi þar sem hann velti upp ýmsum hugmyndum um starfsemi KSÍ, verkefni, samskipti, skipulag og stefnumörkun, og um samstarf við ÍTF og aðra hagaðila. Stjórnarmenn þökkðu Berki fyrir kynninguna og ræddu hugmyndirnar og framhaldið.
- b. Þorvaldur formaður fór yfir undirbúning fyrir komandi þing Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ), þar sem m.a. verður kosinn nýr forseti ÍSÍ. Rætt var um möguleg málefni fyrir þingið, m.a. mannvirkjamál, afreksmál, og fleira. KSÍ á rétt á 6 þingfulltrúum á þingi ÍSÍ. Lagt var til að fulltrúar KSÍ yrðu þau Sveinn Gíslason, Ingi Sigurðsson, Hildur Jóna Þorsteinsdóttir, Bryndís Einarsdóttir, Þorkell Máni Pétursson og Pálmi Haraldsson. *Stjórn KSÍ samþykkti tillöguna.*
- c. Formaður upplýsti stjórn um þátttöku fulltrúa KSÍ á UEFA þinginu sem haldið var í Belgrad í Serbíu 3. apríl síðastliðinn, og fór hann stuttlega yfir kosningar í stjórn UEFA og málefni sem lágu fyrir þinginu.
- d. Fundardagskrá ársins framundan er staðfest - 19. maí, 19. júní, 14. ágúst, 18. september, 16. október, 20. nóvember, 18. desember.
- e. Þorkell Máni greindi frá nýlegum fundi markaðsnefndar KSÍ, þar sem hann gegndi formennsku, og fór yfir málefni og verkefni sem voru kynnt á þeim fundi.

Fundi slitið kl. 18:50.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næsti fundur boðaður 19. maí.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson